

Fundur 14. ágúst 2007.

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
þriðjudaginn 14. ágúst 2007 kl.: 15:00

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Ingvar Samúelsson, Herdís Matthíasdóttir, Jóhanna Þorsteinsdóttir, Steinunn Ó. Rasmus, Eygló Kristjánsdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Gústaf Jökull setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Umsókn um starf kennara. Auglýsingar eftir kennara með réttindi báru ekki árangur. Ein umsókn barst frá Rebekku Eiríksdóttur og ákveðið að ráða hana.
2. Ráðningarsamningur skólastjóra. Samningurinn samþykktur. Sveitarstjóra falið að ganga frá honum með Jóhönnu.
3. Önnur mál.
 - a. Lokun á milli íbúðar (Jenshús) og skóla. Samþykkt að loka á milli og sveitarstjóra falið að láta framkvæma verkið.
 - b. Reykingaraðstaða starfsfólks. Ekki er talin ástæða til að útbúa reykingaaðstöðu þar sem það er bannað með lögum að reykja í skólanum og á lóð hans.
 - c. Sparkvallarframkvæmdir. Rætt var um stöðu framkvæmda við sparkvöllinn, sem er komin töluvert á eftir áætlun.
 - d. Bókasafn og Flateyjarbókasafn. Aðstöðu- og plássleysi bókasafnsins rætt. Bókasafnsnefnd beðin að vinna í málinu og koma með tillögur. Í nefndinni eru Ingvar, Áslaug, starfsmaður bókasafns og sveitarstjóri.
 - e. Uppþvottavél í íþróttahúsi. Kvenfélagið Katla gaf íþróttahúsinu góða uppþvottavél og tilheyrandi borð og vill nefndin koma á fram þakklæti sínu fyrir þessa höfðinglegu gjöf.
 - f. Skóladagatal. Drög að skóladagatali lögð fram til umræðu.

Fleira ekki bókað, fundi slitið kl. 16:34.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign) Herdís E. Matthíasdóttir (sign)
Jóhanna Þorsteinsdóttir (sign) Steinunn Ó. Rasmus (sign)
Óskar Steingrímsson (sign) Eygló Kristjánsdóttir (sign)
Ingvar Samúelsson (sign)